

Staðir¹

One's destination is never a place, but a new way of seeing things.

HENRY MILLER

Herbergið

Þegar ég vakna á nóttunni og næ ekki að sofna aftur fer ég hljóðlega fram úr rúminu og læðist á tánum inn ganginn þar til ég kem að herberginu hennar. Dyrnar eru venjulega opnar í hálfu gátt svo að ég smeygi mér hljóðlega inn, geng að rúminu, gæti þess að stíga ekki á fötin, sem liggja á víð og dreif á gólfinu, og skrið undir sængina. Hún rumskar og segir hastarlega: „Soffía, farðu upp í þitt eigið rúm“, og sofnar aftur í sömu andrá. En ég fer hvergi. Ég ligg grafkyrr þar til ég heyri þungan andardrátt hennar. Sængurföt systur minnar lykta betur en mín. Þau ilma af ferskum lofnarblómum og í nokkra daga eftir að skipt hefur verið á rúminu má enn finna þessa angan. Línið er dúnmjúkt og drifhvítt, bæði sængurverið og lakið. Sængurverið mitt er hinsvegar alsett myndum af geimföllum, býflugum og köttum. Fataskápurinn hennar er alltaf galopinn og þar blasa við fatahrúgur í hillunum. Sum herðatrén eru brotin vegna þess að þau þoldu ekki álagið þegar einhver flíkin var þriffin af þeim á hlaupum. Skrifborðið upp við gluggann er þakið glósum og minnisblöðum í grasafraði, erfðafræði og dýrafræði.

Systir mín er sex árum eldri en ég. Þegar við vorum yngri deildum við herbergi. Foreldrar okkar höfðu haft mikið fyrir því að koma tveimur jafnstórum rúmum og fataskáp fyrir í herberginu sem nú er

1 Carmen Quintana Cocolina, *Lugares*, Santander: Desvelo, 2016.

mitt. Það er dimmt, rakt og kalt, kaldasta herbergið í húsinu. Ég þarf að vera í peysu til að haldast við þar inni bæði á veturna og að sumarlagi en það nægir að vera í stuttermabol í öðrum vistarverum hússins. Fyrir utan gluggann minn, sem snýr í norður, er stórt eikarré. Það varpar skugga inn í herbergið mitt þegar sólin skín og ýmsar kynjamyndir birtast á gólfmottunni og rúmteppinu. Á nóttunni myndar tréð alls kyns furðuverur á sængurverinu mínu. Ef ég hrekk upp af vondum draumi sé ég skuggana dansa um herbergið og það fer um mig kaldur hrollur.

Fyrstu nóttina án systur minnar gnauðaði norðanvindurinn fyrir utan gluggann og mér fannst ég heyra tréð hvísla nafnið mitt til að lokka mig að glugganum svo ég sæi hvernig greinarnar sveifluðust til og frá. Ég lá hreyfingarlaus og lokaði augunum til þess að heyra ekki þessa rödd. Þá tók rúmið að hreyfast. Ég opnaði augun og sá geimfarana á sængurverinu mínu spretta upp og ganga í beinni röð að glugganum. Rætur trésins teygðu sig í rúmið og skóku það nú af miklum krafti. Tunglskinið lýsti upp herbergið. Óþ mitt kafnaði í hálsinum þegar ég horfði í glyrnur eikarrésins. Andartaki síðar kom móðir mín inn. Sængurfötin voru blaut af svita og skömmu síðar var ég aftur alein í herberginu.

Strætisvagninn

Það er hádegi. Þegar ég stíg upp í strætisvagninn lítur vagnstjórinn á mig rétt sem snöggvast til að fullvissa sig um að ég sé með gildan miða og að ég stingi honum í raufina á gegnsæju plastboxinu. Hann brosir ekki. Sólbrúnt hörundið, svart hárið bundið í hnút og þverklipptur toppurinn yfir sólbrenndu enninu fer honum vel. Kannski þetta sé fyrsti vinnudagurinn eftir sumarfríð og hann sé svona alvarlegur þess vegna.

Ungur maður klæddur leðurjakka og með derhúfu stígur upp í vagninn um leið og ég. Hann er nýbúi, eins og ég. Ég sé það á gljávörtnu hárinu, dökkum augunum umkringdum löngum þéttum augnhárum, og dökkum hörundslitnum. Hann er í vel burstuðum skóm sem eru komnir til ára sinna eins og skældir hælarnir og brotin í leðrinu yfir ristina eru til vitnis um. Á næstu stoppustöð, hjá

menntaskólanum, koma nokkur ungmenni upp í vagninn. Ég tek sérstaklega eftir einni stelpunni. Hún er fimmtán eða sextán ára gömul. Sítt, ljóst hárið nær henni næstum niður að mitti þótt það sé bundið í tagl. Hún sest við hliðina á mér og heldur á snjallsíma sem er tengdur við heyrnartól. Það glampar á tvo silfurlita eyrnalokka í hægri eyra hennar. Hún er ljós á hörund og mjög fól. Dökk augnhár umlykja blá augun. Pröngar buxurnar sýna granna fótleggi hennar og ökkla. Ég legg við eyrun til að heyra á hvað hún er að hlusta en ég heyri ekkert. Ef til vill er það Beyonce eða Taylor Swift.

Ég er niðursokkin í eigin hugsanir og pára niður í kompuna mína. Vagninn ekur út úr hverfinu þar sem ég bý. Ég sit við afturdyrnar, upp við gluggann. Ég lít fram og tek eftir því að fremst í vagninum hefur kona rétt í þessu komið sér fyrir í sætinu fyrir aftan bílstjóran, svo að ég get ekki séð andlit hennar. Af hreyfingum hennar að dæma þegar hún fær sér sæti virðist hún þreytt. Hún er að borða epli. Gleypir það í sig öllu heldur. Vera má að hún sé nýkomin úr vinnu og svöng. Garnirnar í henni gaula ábyggilega sárlega. Hún er í hettukápu og með hliðartösku á öxlinni, trúlega hefur hún tölvuna sína í henni.

Þegar við komum niður í bæ stíga þrjár eldri konur upp í vagninn, tvær þeirra eru saman og setjast hlið við hlið. Sú þriðja vekur áhuga minn. Eitthvað virðist þjaka hana. Hún sest í eitt af einsmanns sætum vagnsins og snýr baki í vagnstjóran. Hún horfir þungt hugsi út um gluggann og andlit hennar endurspeglar mikla sorg. Hár hennar er skjannahvít. Í kjöltunni hvílir grænn poki úr plastkenndu efni, dæmigerður burðarpoki undir vörur úr matvöruverslun. Kannski hún hafi nýverið misst manninn sinn og sé enn buguð af sorg yfir missinum. Eða þá að hún hafi verið ein í langan tíma og ráfi alla daga fjarræn á svip um götur borgarinnar þar til hún tekur strætisvagninn heim.

Maðurinn í leðurjakkanum heldur einnig á plastpoka en pokinn hans er gulur og útroðinn af krumpuðum fötum. Hann er að tala í símann. Hann talar arabísku og eftir nokkrar sekúndur hækkar hann róminn og sýnir greinileg merki þess að vera argur. Ætli hann sé að tala við bróður sinn sem segir honum að tap sé á veitingahúsarekstrinum þennan mánuðinn? Eða kannski það sé eiginkona hans að segja honum að það leki úr loftinu frá nágroddum fyrir ofan þau, sem

hún þolir ekki vegna þess að hann lítur hana hornauga fyrir að vera útlendingur þótt hún hafi búið í blokkinni í rúm sjö ár.

Hvíthærða konan stendur á fætur og fer út tveimur stoppistöðvum síðar. Ég virði hana grannt fyrir mér og þá fyrst sér hún mig. Hún snýr höfðinu og horfir ástúðlega í augu mér og brosir ljúflega. Þegar öllu er á botninn hvolft er hún kannski ekki eins sorgmædd og ég hafði ímyndað mér. Þegar hún er komin út á gangstéttina sé ég hana fara inn í hannyrða- og fönðurverslun.

Vagninn stansar við umferðarmiðstöðina og margir stíga út, þar á meðal stelpan með snjallsímann og maðurinn í leðurjakkanum.

Upp í vagninn kemur eldri maður með grænbrúnköflotta baskahúfu úr ull. Hann er skjálfhentur og neðri kjálkinn titrar. Hann er með bakpoka sem á stendur Iceland, bensínstöðvarsólgleraugu og í illa reimuðum fjallgönguskóm. Ég hefði gjarnan viljað spá í hvernig líf hans væri en nú er komið að mér að fara út. Þegar ég set niður dagbókina og pennann stendur konan með eplið á fætur og gengur að afturdyrunum. Ég kannast við andlitið. Þá rennur upp fyrir mér að þetta er hún Marta. „Fyrirgefðu, ég sá þig ekki“, segir hún og bendir með vísifingri á augun í sér til að leggja áherslu á orð sín. „Ég er ekki með gleraugin og er frekar nærsýn.“ Þegar við stígum út úr vagninum bíðum við eftir grænu ljósi. Guli strætisvagninn fer af stað og eykur hraðann þar sem hann heldur áfram eftir götunni og skilur eftir sig gráan reyklarstrók. Umferðarljósið verður grænt og þá fyrst göngum við yfir götuna og röltum í humátt að háskólanum.

Skrifstofan

Þegar hún kemur heim fer hún úr svörtu leðurstígvélunum með gúmmísólanum og skilur þau eftir við útidyrnar. Hún gengur að dagatalinu sem er inni í eldhúsi og merkir við daginn. Þar eru nú fjórir krossar og mánuðurinn rétt hálfnaður. Hún setur pott með vatni á eldavélarhellu og opnar nýkeypta dós með kattarmat handa kettinum. Hún kom við í matvöruversluninni á leið heim úr vinnu og fór einnig í búðina með lífrænu vörum.

Hún hefur verið hjá fyrirtækinu í þrjú ár og eitt af hennar fyrstu verkum var að gera sig ómissandi með því að vinna lengur en aðrir

og taka verkefni með sér heim. Á síðasta vinnumatsfundi, sem var haldinn fyrir nokkrum dögum, lýsti yfirmaðurinn yfir ánægju sinni með störf hennar, samviskusemi og skyldurækni í vinnunni. Vinnusemi, samviskusemi og skyldurækni. Þessi orð virðast sótt í starfsmannahandbókina sem liggur á náttborðinu hennar og hún les til að skilja hvernig yfirmenn hennar hugsu og starfa.

Hún kveikir ekki ljós inni í herberginu. Hún háttar sig í myrkri því hún hefur skömm á líkama sínum. Slitin húð og rauðar rákir á maga og lærum. Slappt holdið og lafandi húðin titrar meðan hún gyðir niður um sig og fer úr buxunum. Hún hefur lést mikið síðan hún gerðist grænmetisæta. Það var stuttu áður en hún hóf störf hjá fyrirtækinu. Ástæðan var fyrst og fremst væntumþykja til dýra en auk þess vildi hún skera sig úr hópnum. Hún hafði lesið um slíkt í bókinni *Hvernig á að vera áberandi á skrifstofunni* en þar var mönnum ráðlagt að finna eitthvað sem gerði þá öðruvísi en aðra. Til allrar óhamingju fyrir Soffíu voru þrír samstarfsmenn hennar líka grænmetisætur og þeir voru alltaf í sviðsljósinu.

Í hádeginu, þegar hún fór inn í eldhúsið á efstu hæðinni til að hita nestið sitt í örbylgjuofninum, rakst hún á eina af grænmetisætunum, þessa sem vinnur í þjónustudeildinni. Hjartað tók að slá örur í brjósti hennar. „Hvað er að fréttu, Soffía? Hvernig hefurðu það?“ spurði hann. „Hæ“, svaraði hún og starði niður á gólfið um leið og fingurnir krepptust um nestisboxið sem í var kínóa, karrí, brokkólí, tofu og kókosmjólk. Soffía ákvað að flýja af hólmi, baðst afsökunar og sagðist þurfa að skreppa á snyrtinguna. Hann var að lesa eitthvað í símanum sínum á meðan hann beið og tók ekki eftir því að hún fór fram en henni fannst að ef hún segði ekkert eða kæmi sér ekki út myndi hjartað í henni hreinlega springa.

Seinna, í matartímanum, spjallaði einn vinnufélagi þeirra, sem var frönsk eins og Soffía, um það nýjasta í stjórn málum í Frakklandi. Sarkozy, Hollande, Marion Le Pen. Marion Le Pen, Hollande, Sarkozy. Soffía hefur áhuga á umræðuefninu og hafði þess vegna undirbúið í huganum athugasemd ef efnið bæri á góma. Þegar umræðuefnið er svo til útrætt spyr vinnufélagi hana hvað henni finnist um ástandið. Hendur Soffíu taka að skjálfa. Hún setur frá sér gaffalinn, leggur hann á diskinn og rennir þumalfingrunum eftir fingurgómunum, alltaf hraðar og hraðar. Hún starir á diskinn og ímyndar sér að augu

allra hvíli á henni. Hinir snæða í rólegheitum og bíða eftir svári hennar. Soffía svitnar í lófunum. Og þá svarar hún með einni setningu, þeirri sem hún var búin að semja og geyma í huga sér síðan hún heyrði fréttirnar um morguninn. Allir hlæja, þeim finnst hún hitta í mark og fylgjast nú með umræðunum af auknum áhuga. Hún tekur ekki aftur til máls en í kinnum hennar birtast rauðleitir dílar og ánægjan sem skín út úr andliti hennar er slík að ætla mætti að hún hafi fengið fullnægingu lífs síns. Ef hún gæti myndi hún setja tvo krossa í staðinn fyrir einn á dagatalið en handbókin *100 aðferðir til að verða vinsælli á vinnustaðnum* býður ekki upp á þann möguleika.

Vatnið er farið að sjóða í eldhúsinu í litlu íbúðinni hennar. Hún er í húðlitum buxum úr lycra sem ná upp í mitti og þunnum brjóstahaldara með spöngum; geirvörtur hennar sjást í gegnum hann þegar henni er kalt. Þegar hún tekur af sér brjóstahaldarann dregur hún djúpt að sér andann. Hún fer í flýti í hvítan langermabol og röndóttar bómullarbuxur sem hún kippir undan koddanum og flýtir sér fram í eldhús til að hella kínóa í sjóðandi vatnið. Hún borðar kvöldverð með kettinum uppi í sófa og horfir á *Game of Thrones*, setur svo afganginn í nestisbox og geymir til næsta dags.

Ísbúðin

Ég flúði inn í ísbúðina undan hitamollu síðdegisins. Ég datt þar inn fyrir tilviljun í leit að forsælu eftir gönguferð á ströndinni að loknu þingi. Ég hafði aðeins verið þarna í tvo daga og átti eftir að vera þrjá til viðbótar. Ég þekkti engan og mér leiddist óskaplega. Ég þráði það eitt að snúa aftur heim til eiginmanns og dóttur og fyrst og fremst að komast aftur á skrifstofuna. „Sæl, vina mín. Hvernig ís má bjóða þér?“ spurði íssalinn eins og við værum gamlir kunningjar. „Ég veit það ekki, lofaðu mér aðeins að hugsa mig um,“ svaraði ég hálfhvumsa yfir kumpánlegum tóninum. Í ísbúðinni voru bara konur. Ein þeirra, um fimmtugt, bað um að fá að bragða á nokkrum ístegundum. „Heyrðu, væni minn, áttu ís með pistasíubragði?“ „Auðvitað, elskan mín, ég bjó hann til í morgun. Þessi grænu augu kalla á pistasíu, ég vissi það,“ sagði hann brosandí um leið og hann strauk hendi yfir ennið og sveiflaði svörtu og líflegu hárinu aftur.

Þetta var einn af fyrstu hlýindadögum vorsins og ísskápar enn ekki fullir af ís. Það sást að rjómaísinn var linur og við það að bráðna og leka niður. Jarðarberjaísinn var freistandi og ungi íssalinn vakti eftirtekt mína þar sem hann stóð og virtist hæstánægður með lífið og tilveruna. Hann var í svörtum ermalausum bol, flík sem ég er ekki hrifin af að maðurinn minn gangi í. Óskiljanlegt húðflúr lá frá öxlum og niður að olnboga. „Áttu krapa?“ spurði kona nokkur án þess að hafa augun af handleggjum sem hreyfðust taktfast og markvisst við að afgreiða pistasíuísinn. „Ég vissi að þú myndir spyrja um það, Lola. En nei, ég á ekkert krap. Mér fannst frekar snemmt að bjóða upp á krap, en kannski ég hafi það til sölu í næstu viku. Ef þú vilt eitthvað ferskt og hressandi, skaltu fá þér sítrónufraudd, ljúfan,“ sagði hann og dró annað augað í pung.

„Þú þarna með þrýstnu varirnar, hvað má bjóða þér?“ spurði hann mig aftur. „Viltu smakka á einhverri tegund?“ Ég svaraði um hæl og lét sem ég hefði ekki heyrt athugasemdina um þrýstnu varirnar. „Ég hef ekki vit á ís en mér finnst jarðarberjaís góður.“ „Hér er hann, elskan. Viltu smakka hann?“ „Nei, það er óþarfi,“ svaraði ég vandræðalega rétt eins og það sem hann ætlaði að rétta mér væri forboðinn ávöxtur. Kona sem stóð fyrir aftan mig, og taldi mig augsýnilega fanga alla athygli íssalans, færði sig nær mér til að líta yfir úrvalið og láta taka eftir sér um leið. „Hvað segir þú gott, Manúela?“ spurði hann þegar hann sá hana. „Þú komst ekki við í gær svo ég fékk ekki tækifæri til að dást að þessum dásamlega gullinbrúna húðlit þínum.“ Manúela hagræddi kjólnum örlítið svo að sæist betur í barminn.

„Djásnið mitt, þú ert aldeilis lengi að velja þér ís. Prófaðu jógúrtísinn með bláberjunum. Ég held þér muni finnast hann góður,“ sagði hann við mig og rétti mér plastskeið með ísslettu án þess að gefa mér ráðrúm til að bregðast við. Þegar ég tók við skeiðinni og hendur okkar snertust fékk ég rafstraum en hann virtist ekki taka eftir neinu. Ég fann hvernig um mig fór heitur straumur vegna ástríðufunans sem streymdi frá þessum manni. „Ég held ég fái jarðarberjaís í brauðformi,“ sagði ég ákveðin til að koma í veg fyrir að hann rétti mér aðra skeið af ís. „Ertu viss um að þú viljir ekki jógúrtís með bláberjum?“ spurði hann ýtinn og með glotti sem gaf í skyn að hann vissi mætavel hvert erindi mitt var. Þótt mér hafi fundist jógúrtísinn góður, reyndar mjög góður, vildi ég að hann vissi að ég væri ákveðn-

ari en allar hinar konurnar. „Nei, ég vil heldur jarðarberjaís.“ Hann hélt á brauðforminu mínu í annarri hendi og ísskeiðinni í hinni. Á meðan hann afgreiddi mig leit hann upp og horfði á mig gaumgæfilega. Með augnum smellti hann kossi á okkur allar og brosti um leið og hann hreyfði varirnar nautnalega. Ég er veraldarvön kona og sá útpældar hreyfingar hans, ég sá að hann var vanur að njóta óskiptrar athygli, þráði athygli og aðdáun kvenna. Hann hafði ábyggilega staðið klukkutímum saman fyrir framan spegilinn og æft þetta eggjandi augnaráð. Hvað sem því leið, þá gat hann ekki hafa lært þessa þokkafullu og aðlaðandi framkomu við viðskiptavinina fyrir framan spegil. Hún var honum eðlislæg og gerði það að verkum að mér leið vel strax og ég kom inn í ísbúðina. Ég var kannski einum tíu árum eldri en hann, en samt horfði hann á mig eins og við værum jafnaldrar. Af framkomu hans mátti skilja að hann ætti nóg handa okkur öllum: „Ég er hrifinn af ykkur öllum.“ Græn augun, brúngyllt hörundið, þrýstnar varirnar. Ég tók við ísnum og þegar hönd mín straukst við hönd hans, fór aftur um mig straumur.

Á meðan ég beið eftir að borga bragðaði ég á ísnum. Renndi tungunni varlega yfir hann og freistingin að narta í brauðformið var ómótstæðileg. Þegar kom að mér að borga reyndi ég að komast hjá því að snerta hann og rétti honum peningana á klaufalegan hátt sem kom upp um þandar taugar mínar. Ég gekk út úr ísbúðinni með jarðarberjaísinn sem lak niður eftir brauðforminu og eld í æðum. Ef ekki hefði verið fyrir yfirþyrmandi löngun mína að sjá hann á ný hefði ég aldrei aftur stigið fæti inn í þessa ísbúð. Hvorki daginn eftir né næsta dag. Og ekki heldur þann síðasta.

Erla Erlendsdóttir þýddi úr spænsku